

1. mars 2018

Hagur veiða og vinnslu 2016

Profitability in fishing and fish processing 2016

Samantekt

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs lækkaði milli áráanna 2015 og 2016. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði hlutfallið (án millivíðskipta) úr 27,3% í 25,4%, lækkaði í fiskveiðum úr 26,1% árið 2015 í 24,2% af tekjum árið 2016 og í fiskvinnslu úr 13,5% í 11,9%.

Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluaðferð, nam 14,4% árið 2016 samanborið við 17,8% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 31,7 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 24,2 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan 24% hagnaður 2016 eða 52,8 milljarður, samanborið við 18,6% hagnað árið 2015.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakki fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og útflutningsverðmæti á sjávarafurðum. Úrvinnsla Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti uppblásturinn orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum. Það þarf þó ekki að vera þannig þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin af þessu á niðurstöður eru líklega ekki mikil, enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um það bil 88% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.



Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2016 sem eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2010–2016. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 764 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2016 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2015–2016. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2016 voru veiddar á handfæri um 9.100 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 480 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2016 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Að lokum er yfirlit yfir frystiskip sýnt í töflu 11 þar sem uppsjávarfrystiskip, 5 að tölu, eru dregin út úr rekstraryfirliti fyrir frystitogara sem veiða botnfisk.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraráðila en þær nægja ekki þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

Niðurstöður

*EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2016
24,2 % af tekjum*

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins dróst saman milli áranna 2015 og 2016. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 27,3% í 25,4% og í fjárhæðum varð hlutdeildin 56 milljarðar. Í fiskveiðum lækkaði hún úr 26,1% árið 2015 í 24,2% árið 2016, varð rúmir 33,3 milljarðar og í fiskvinnslu lækkaði hún úr 13,5% í 11,9%, í rúma 22,7 milljarða.

*Hagnaður botnfiskveiða
14% og botnfiskvinnslu
10,1% af tekjum*

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluáðferð, lækkaði úr 21,2% af tekjum árið 2015 í 18,4 árið 2016. Hreinn hagnaður botnfiskveiða lækkaði úr 18,0% af tekjum í 14% en hagnaður botnfiskvinnslu dróst saman úr 10,3% af tekjum í 10,1%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 15,6% í 12,4%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 14,4% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni en var 17,8% árið 2015. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 31,7 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 24,2 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum lækkaði um 6,4% frá fyrra ári og verð á olíu lækkaði að meðaltali um 16,9% á milli ára. Gengi dollarans veiktist um 8,5% og gengi evrunnar um 8,7% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs í heild dróst saman um 12,2%, og nam tæpum 232 milljörðum króna á árinu 2016, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi lækkaði um 9,8% og magn útfluttra sjávarafurða dróst saman um 2,7%. Um 7900 manns starfaði við sjávarútveg í heild árið 2016 sem er um 4,2% af vinnuafli á Íslandi. Veiðigjald útgerðarinnar lækkaði úr 7,7 milljörðum fiskveiðiárið 2014/2015 í 6,9 milljarða fiskveiðiárið 2015/2016. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrar-kostnaði.

EBITA uppsjávarfrystiskipa árið 2016 var 28,7% af tekjum og uppsjávarveiðiskipa 28,5% af tekjum

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarfrystiskipa á árinu 2016. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 17,8% og uppsjávarfrystiskipa 28,7% af tekjum. EBITDA uppsjávarveiðiskipa var 28,5%. Uppsjávarafli árið 2016 var rúmlega 40% meiri en á árinu 2015 en verðið lækkaði um 7% á milli ára.

Ferskfiskvinnsla jókst í magni um 12,4% en verðið lækkaði um tæp 8% í íslenskum krónum og verðmætið var því um 3,7% hærra en árið 2015. Verg hlutdeild fjármagns var 2,6% og hreinn hagnaður 0,5% sem er nokkuð lakari afkoma en árið 2015.

EBITDA strandveiða 15,6% og smábáta 12,8%

Afkoma smábáta versnaði árið 2016. Alls voru 876 smábátar að veiðum og öfluðu rúmlega 24 þúsund tonna að verðmæti rúmlega 5 milljarða. Af þessum 876 smábátum voru 480 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, við strandveiðar á árinu 2016. Afli þeirra var um 9.100 tonn og aflaverðmætið tæplega 2,3 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2016 var 15,6%. EBITDA annarra báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 12,8%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstrar-yfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Nokkur munur er á afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2016 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluadferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 14,4% skv. árgreiðsluadferðinni en 24% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn ef einhver er, stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluadferðin er notuð og hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er fólgin í árgreiðsluadferðinni gjaldfærsla sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé, en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Árið 2016 eru vaxtatekjur nokkuð hærri en vaxtagjöld og gengismunur, því verður afkoman verulega betri eftir hefðbundinni aðferð en samkvæmt árgreiðsluadferð miðað við fyrri ár.

Hjá strandveiðibátum sýnir árgreiðsluadferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2016 er hún innifalin í frystingu vinnslunnar.

Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2016 rúmir 262 milljarðar

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2016 rúmir 621 milljarðar króna, heildarskuldir tæpir 360 milljarðar og eigið fé tæpir 262 milljarðar. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna mats á eiginfjárlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja, en þær námu rúmum 15 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 5,4% frá 2015 og fjárfestingar í varanlegum eignum hækkuðu um 3,5%. Skuldir lækkuðu um 2,8%. Eiginfjárlutfallið reyndist 42,2% en var 37,4% í árslok 2015. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið úr nær engu í 42,2% síðastliðin 7 ár. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2015 og 2016.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

English summary

Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2016 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total decreased somewhat between 2015 and 2016 or from 17,8% to 14,4% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species decreased from the year before or from 21,1% of revenue to 18,4%. Net profit of fishing of demersal species decreased from 18% to 14% and net profit of processing of demersal species decreased from 10,3% to 10,1%. There were also a decrease in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 15,6% to 12,4%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 621 billion, liabilities are worth of ISK 359 billion and equity nearly ISK 262 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, www.statice.is.

Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáðferð og 6% ávöxtun

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
1.	Sjávarútvegur í heild^{1,2}	19,8	22,6	21,5	18,2	15,1	17,8	14,4
31.1	Veiðar og vinnsla botnfisks²							
	<i>Fishing and fish processing of demersal species²</i>	21,5	24,5	21,4	17,4	18,5	21,1	18,4
1.1.1	Botnfiskveiðar	15,9	16,7	15,2	10,3	12,8	18,0	14,0
	<i>Fishing of demersal species</i>							
	Bátar	12,5	9,6	14,3	7,9	12,7	18,7	12,8
	Togarar	20,5	20,6	16,8	10,7	11,2	22,0	15,3
	Frystiskip	17,8	21,5	16,2	12,7	13,6	15,0	15,0
1.1.2	Botnfiskvinnsla	15,3	19,6	16,1	14,7	13,2	10,3	10,1
	<i>Processing of demersal species</i>							
	Frysting	14,9	22,1	18,7	16,0	17,6	14,5	13,9
	Söltun	15,8	13,9	10,2	11,2	3,3	1,6	1,5
1.2	Veiðar og vinnsla rækju²	–	–	–	–	–	–	–
	<i>Fishing and processing of shrimp²</i>							
1.3	Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla²							
	<i>Fishing and processing of pelagic fish²</i>	31,0	29,9	36,1	25,2	5,6	15,6	12,4

¹ Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að fráregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2016*Table 2. Operating accounts of fishing 2016*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- Togarar <i>Freezer Trawlers</i>	
	Alls <i>Total</i>						
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	137.559	5.790	25.175	25.825	17.980	22.210	40.579
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	42.888	–	375	2.008	333	3.162	37.010
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	90.134	5.423	23.570	23.076	16.271	18.769	3.025
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	4.537	367	1.230	741	1.376	279	544
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	104.237	4.990	18.320	20.362	12.862	16.846	30.857
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	36.413	1.093	5.843	6.862	4.050	5.937	12.628
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	3.978	110	881	1.123	329	801	734
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	8.499	213	1.290	1.660	947	1.366	3.023
2.4 Olíur <i>Oil</i>	8.970	264	1.148	1.178	1.547	1.802	3.031
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	3.725	173	337	544	1.046	666	959
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	8.574	527	942	1.696	1.266	1.178	2.964
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	934	–	–	–	–	–	934
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.249	267	360	155	28	117	323
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	1.840	–	136	284	209	257	954
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	2.733	528	840	511	194	373	286
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.062	43	187	192	133	206	301
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	2.450	1	202	483	156	845	763
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	2.564	–	163	517	249	721	914
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	21.246	1.770	5.990	5.159	2.708	2.575	3.043
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)							
<i>Share of capital, gross</i>	33.322	799	6.856	5.463	5.118	5.365	9.722
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	24,2	13,8	27,2	21,2	28,5	24,2	24,0
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.040	547	960	904	2.066	625	1.939
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-6.942	70	-2.367	-1.744	41	-521	-2.420
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit</i> (6.=3.-4.-5.)	33.224	183	8.263	6.303	3.011	5.260	10.203
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	24,2	3,2	32,8	24,4	16,7	23,7	25,1
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	16.082	1.181	1.767	2.943	4.584	1.960	3.648
8. Hreinn hagnaður <i>Profit</i> (8.=3.-7.)	17.240	-382	5.089	2.520	534	3.405	6.074
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	12,5	-6,6	20,2	9,8	3,0	15,3	15,0

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2016 (frh.)
Table 2. Operating accounts of fishing 2016 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>						
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.275	876	274	58	17	24
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	780	6	33	399	2.522	1.696
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	33	8	14	33	67	57
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	1.450	128	273	640	4.381	3.248
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1990	1991	1993	1981	1999	1984
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	134.332	9.899	14.804	24.242	38.406	16.420
Afli (þúsund tonn) <i>Volume (thousand tonnes)</i>	1.067,4	24,3	109,8	126,1	425,8	121,1
Þorskur <i>Cod</i>	264,9	16,9	64,7	77,5	0,1	69,4
Ýsa <i>Haddock</i>	38,5	1,0	13,1	11,3	0,0	6,9
Ufsi <i>Saithe</i>	49,6	1,2	1,9	8,6	0,1	17,4
Karfi <i>Redfish</i>	66,4	0,2	0,9	7,7	0,0	20,7
Humar <i>Lobster</i>	1,4	–	0,1	1,0	–	0,4
Rækja <i>Shrimp</i>	6,5	0,4	1,3	2,8	–	1,2
Síld <i>Herring</i>	67,5	0,0	–	0,0	49,8	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	49,9	–	–	–	40,4	–
Loðna <i>Capelin</i>	100,8	–	–	–	82,1	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	186,9	–	–	–	145,3	–
Makríll	169,9	1,0	7,6	0,1	107,6	0,0
Annað <i>Other</i>	65,2	3,7	20,2	17,2	0,5	5,1
Verðmæti (milljónir kr.) <i>Value (million ISK)</i>	133.021	5.423	23.945	25.084	16.604	21.931
Þorskur <i>Cod</i>	58.043	4.146	15.934	15.443	2	12.695
Ýsa <i>Haddock</i>	9.320	314	3.499	2.526	0	1.401
Ufsi <i>Saithe</i>	8.477	155	277	1.211	1	2.354
Karfi <i>Redfish</i>	11.719	31	199	1.352	1	3.691
Humar <i>Lobster</i>	890	–	71	592	–	227
Rækja <i>Shrimp</i>	2.193	141	428	942	–	364
Síld <i>Herring</i>	3.759	0	–	0	2.159	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	2.825	–	–	–	1.820	–
Loðna <i>Capelin</i>	4.948	–	–	–	3.723	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	5.409	–	–	–	4.133	–
Makríll <i>Mackerel</i>	10.897	60	463	7	4.753	0
Annað <i>Other</i>	14.544	575	3.074	3.012	13	1.199

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildar-tekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 100% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 89% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 86% af tekjum báta yfir 200 brúttótonnum, 91% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 81% af tekjum ísfisktogara og 94% af tekjum frystitogara sem gerir um 90% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafila. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 100%; boats 10-200 GRT 89%; boats over 200 GRT 86%; pelagic vessels 91%; fresh fish trawlers 81% and freezer trawlers 94% or 90% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2016
 Table 3. Operating accounts of fish processing 2016

Milljónir króna Million ISK	Samtals Total	Frysting og rækjuvinnsla Freezing and shrimp prod.	Söltun og hersla Salting and drying	Mjöl- vinnsla Fish meal and fishoil	Ferskfisk vinnsla Fresh fish processing
1. Tekjur alls Operating revenues	190.461	82.077	36.723	25.035	46.626
1.1 Útflutningstekjur Export production	177.666	78.042	31.335	24.174	44.116
1.2. Innanlandssala afurða Domestic sale of products	4.703	2.943	502	354	904
1.3. Seldur afli - Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	6.029	290	4.360	–	1.379
1.4. Aðrar tekjur Other income	2.063	802	526	507	228
2. Aðföng alls Operating expenses	133.856	52.310	28.142	18.075	35.328
2.1. Hráefni Raw fish	102.525	40.581	21.059	13.690	27.195
2.2 Rafmagn Electricity	2.762	885	358	1.058	460
2.3 Olíur Oil	390	63	7	316	4
2.4 Tryggingar Insurance	314	112	71	84	47
2.5 Umbúðir Packaging	7.415	2.951	1.903	318	2.243
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	4.349	1.188	1.038	283	1.840
2.7 Viðhald Maintenance and repair	6.537	2.698	772	1.556	1.511
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	9.565	3.834	2.934	770	2.027
3. Vinnsluvirði Value added (3=1.-2.)	56.605	29.767	8.580	6.961	11.298
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	33.377	14.459	6.537	2.401	9.979
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	563	212	138	110	103
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)	22.666	15.095	1.906	4.449	1.216
Share of capital, gross					
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	11,9	18,4	5,2	17,8	2,6
7. Afskriftir Depreciation	5.711	2.526	939	1.172	1.074
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8.=6.-7.)	16.954	12.569	967	3.277	142
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-2.649	-1.148	-1.060	-359	-83
10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)	19.604	13.717	2.027	3.635	224
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	10,3	16,7	5,5	14,5	0,5
11. Árgreiðsla 6% Imputed cost of capital 6%	8.198	3.666	1.300	1.748	1.485
12. Hreinn hagnaður Net profit (12.=6.-11.)	14.468	11.429	606	2.702	-269
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	7,6	13,9	1,6	10,8	-0,6

SKÝRINGAR Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörtegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 88% af útflutningi landfrysots botnfisks, 58% af útflutningi botnfisksöltunar, 86% af útflutningi mjölvinnslu og 70% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 85% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 88%; Salted fish 58%; fish meal and oil 86%; fresh fish export 70%. or 85% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production..

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2010–2016

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2010–2016

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	97.356	104.584	113.601	104.667	107.147	105.723,8	118.707,0
1.1 Sjóður og bankainnstæður <i>Cash and bank time deposits</i>	36.528	36.246	31.933	37.171	28.776	28.880	29.264
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	34.647	40.318	46.624	41.200	41.432	38.902	40.556
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	20.019	23.296	31.038	23.785	27.891	33.017	32.271
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	6.162	4.724	4.006	2.512	9.048	4.924	16.616
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	405.143	442.426	421.490	425.155	466.844	487.010	502.651
2.1 Áhættufjármunir og langtímaskröfur <i>Investments and long term claims</i>	87.462	108.521	64.299 ¹	79.675	81.030	78.157	85.169
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	109.980	109.010	125.578	118.318	137.085	154.803	160.957
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	207.701	224.896	231.613	227.162	248.729	254.050	256.525
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	502.498	547.221	535.091	529.822	573.992	592.733	621.358
4. Skuldir <i>Debts</i>	473.717	442.899	428.730	380.480	388.568	371.289	359.370
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	114.591	113.856	106.075	98.138	129.816	105.657	109.389
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	359.125	329.043	322.654	282.341	258.752	265.633	249.980
5. Eigið fé <i>Equity</i>	28.782	104.322	106.361	149.342	185.424	221.444	261.989
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	0,94	0,92	1,07	1,07	0,83	1,00	1,09
7. Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	10,5	19,1	19,9	28,2	32,3	37,4	42,2

Skýringar Notes: Árið 2006 var samræmt skattframtal rekstraraðila, sem nær yfir flest fyrirtæki í atvinnugreininni, stækkað um 8%, 4% árið 2007 en skattframtalið var óbreytt árin 2008–2015. In 2006 the Enterprise Accounts Register covered nearly 92% of the fishing and fish processing industry, 96% in 2007, but it was unadjusted 2008–2016. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities.

¹ Hér verða tilfærslur upp á rúma 15 milljarða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhluteildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum. More than 15 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companies.

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2016*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2016*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	43	100	1.702
<0	13	15,9	896
0–5	10	10,7	869
5–10	6	5,9	715
10–15	2	3,5	858
15–20	1	3,7	1.353
20–25	3	10,7	3.926
>25	8	49,6	4.538

Skýringar Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2016. *Establishments freezing demersal species in 2016.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2016*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2016*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	29	100,0	681
< -5	9	17,8	390
-5–0	3	7,5	497
0–5	7	31,3	883
5–10	4	26,3	1.297
10–15	1	9,6	1.904
15–20	1	2,8	548
20–25	–	–	–
>25	4	4,7	233

Skýringar Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2016. *Establishments salting demersal species in 2016.*

Tafla 7. Dreifing afkomu 764 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2016

Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 764 enterprises in the sample 2016

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki <i>Share of sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð <i>Share of fishing in total revenue, %</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum <i>Gross share of capital as a perc. of revenue</i>	Eiginfjár- hlutfall <i>Equity ratio</i>
Alls Total	764	100,0	372	44,8	6,3	17,6	44,6
< -10	248	2,2	26	40,7	0,0	-16,8	14,6
-10– -5	49	3,4	197	8,3	0,0	-4,2	0,8
-5–0	84	11,9	402	22,8	0,0	2,6	29,7
0–5	94	4,5	138	28,2	0,0	6,8	42,8
5–10	48	6,5	386	51,0	6,7	12,0	26,5
10–15	51	4,0	225	55,4	5,6	14,3	41,9
15–20	45	24,9	1.576	43,1	9,9	21,7	55,5
20–25	41	17,0	1.180	48,6	6,3	20,2	44,1
>25	104	25,5	698	58,9	8,3	28,4	46,2

Skýringar Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfsemi hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2015–2016Table 8. *Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2015–2016*

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2016				
Alls Total	764	44,6	100,0	100,0
< -100	89	-190,2	0,2	1,7
-75– -100	28	-84,4	0,1	0,5
-50– -75	35	-68,0	0,6	0,9
-25– -50	49	-33,8	0,2	0,3
0– -25	219	14,3	16,2	20,8
0–25	124	41,6	46,7	39,2
25–50	109	61,2	29,2	29,8
50–75	105	87,9	6,8	6,7
>75	6	100,0	0,0	0,0
<0	420	7,8	17,3	24,2
0>	344	52,3	82,7	75,8
2015				
Alls Total	940	46,6	100,0	100,0
< -100	110	-168,5	0,6	1,9
-75– -100	24	-84,2	0,2	0,9
-50– -75	41	-64,3	0,1	0,1
-25– -50	37	-33,6	0,6	0,7
0– -25	230	5,8	18,3	22,9
0–25	145	39,2	39,3	39,4
25–50	109	62,0	21,4	27,4
50–75	146	94,6	19,3	6,5
>75	98	144,5	0,1	0,1
<0	442	-2,4	19,8	26,6
0>	498	58,7	80,2	73,4

Skýringar Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2016Table 9. *Operating accounts of fishing and fish processing 2016*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Fiskveiðar <i>Fishing</i>	Fiskvinnsla <i>Fish processing</i>	Sjávarútvegur alls ¹ <i>Fishing industry¹</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	137.559	190.461	220.553
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	42.888	177.666	220.553
1.2 Seldur afli – Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	90.134	10.732	–
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	4.537	2.063	–
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	53.507	134.419	80.459
2.1. Hráefni <i>Raw material</i>	–	102.525	-4.942
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	–	3.151	3.151
2.3 Olíur <i>Oil</i>	8.970	–	8.970
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.062	314	1.376
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	934	7.415	8.348
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.249	4.349	5.599
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	8.574	6.537	15.111
2.8 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	3.725	–	3.725
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	28.993	10.128	39.121
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	84.052	56.042	140.094
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	50.730	33.377	84.107
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	–	–	–
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)			
<i>Share of capital, gross</i>	33.322	22.666	55.988
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	24,2	11,9	25,4
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.040	5.711	12.751
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	26.282	16.954	43.236
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-6.942	-2.649	-9.591
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	33.224	19.603	52.827
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	24,2	10,3	24,0
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	16.082	8.198	24.280
12. Hreinn hagnaður <i>Profit (12.=6.-11.)</i>	17.240	14.467	31.708
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	12,5	7,6	14,4

¹ Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2016Table 10. *Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2016*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total Boats less than 10 GRT</i>	Par af: ² <i>Strandveiði- siglingar Costal fishing</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than 10 GRT</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	5.790	2.182	3.608
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	–	–	–
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	5.423	2.046	3.377
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	367	136	231
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	4.988	1.842	3.146
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	1.093	363	731
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	110	0	110
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	213	63	151
2.4 Olíur <i>Oil</i>	264	225	39
2.5 Veidarfæri <i>Fishing gear</i>	173	48	125
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	527	289	237
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	267	131	136
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	–	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	528	236	292
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	43	25	18
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	0,9	–	0,9
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	0,3	–	0,3
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	1.768	462	1.306
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)			
<i>Share of capital, gross</i>	802	340	461
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	13,8	15,6	12,8
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	547	277	270
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-70	-26	-44
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit</i> (6.=3.-4.-5.)	325	89	236
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	5,6	4,1	6,5
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	1.181	663	518
8. Hreinn hagnaður <i>Profit</i> (8.=3.-7.)	-380	-323	-57
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	-6,6	-14,8	-1,6

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2016 (frh.)
 Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2016 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total Boats less than 10 GRT</i>	Par af: ² <i>Strandveiði- siglingar Costal fishing</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than 10 GRT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	876	480	396
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	5	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	8	8	8
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	128	114	138
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1991	1988	1993
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	9.899	4.974	4.925
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	16,9	8,5	8,4
Ýsa <i>Haddock</i>	1,0	0,0	1,0
Ufsi <i>Saithe</i>	1,2	0,5	0,7
Karfi <i>Redfish</i>	0,2	0,0	0,2
Annað <i>Other</i>	5,1	0,1	4,9
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	4.146	2.184	1.961
Ýsa <i>Haddock</i>	314	12	302
Ufsi <i>Saithe</i>	155	52	103
Karfi <i>Redfish</i>	31	0	31
Annað <i>Other</i>	776	23	753

¹ Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.*

² Rekstraryfirlit 480 strandveiðibáta. *The operating accounts of 480 costal boats.*

Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2016

Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2016

Milljónir króna Million ISK	Samtals Frystitogarar ¹ Total freezer trawlers ¹	Uppsjávar- frystiskip ² Pelagic freezer trawlers ²	Frystitogarar Demersal freezer trawlers
1. Tekjur alls Operating revenues	40.579	9.462	31.117
1.1 Seldur afli Catches	37.010	9.462	27.548
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	3.025	–	3.025
1.3 Aðrar tekjur Other income	544	–	544
2. Gjöld alls Operating expenses	30.857	6.751	24.106
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	12.628	2.837	9.791
2.2 Önnur laun Other wages	734	–	734
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	3.023	705	2.319
2.4 Olíur Oil	3.031	659	2.372
2.5 Veidarfæri Fishing gear	959	282	677
2.6 Viðhald Maintenance and repair	2.964	536	2.428
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	934	171	762
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	323	16	306
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	954	111	843
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	286	89	197
2.11 Tryggingar Insurance	301	51	250
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	763	23	740
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	914	218	696
2.14 Önnur gjöld Other expenses	3.043	1.052	1.991
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	9.722	2.711	7.011
Share of capital, gross			
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	24,0	28,7	22,5
4. Afskriftir Depreciation	1.939	791	1.148
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-2.420	-633	-1.787
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	10.203	2.554	7.649
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	25,1	27,0	24,6
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	3.648	1.230	2.418
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	6.074	1.481	4.593
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	15,0	15,7	14,8

Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2016 (frh.)
 Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2016 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals frystitogarar ¹ <i>Total freezer trawlers¹</i>	Uppsjávar- frystiskip ² <i>Pelagic freezer trawlers²</i>	Frystitogarar <i>Demersal freezer trawlers</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	24	5	19
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	1.696	2.507	1.359
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	57	72	54
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	3.248	5.762	2.879
Meðalsmíðaár <i>Fleet – Building year</i>	1990	1999	1991
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) <i>Insurance value (million ISK)</i>	30.562	10.304	20.258
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>	260,2	129,6	130,6
Þorskur <i>Cod</i>	36,3	0,0	36,3
Ýsa <i>Haddock</i>	6,2	0,0	6,2
Ufsi <i>Saithe</i>	20,5	0,3	20,2
Karfi <i>Redfish</i>	36,8	–	36,8
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	0,7	–	0,7
Síld <i>Herring</i>	17,7	17,2	0,5
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	9,5	9,4	0,1
Loðna <i>Capelin</i>	18,7	18,7	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	41,6	41,6	0,0
Makríll <i>Mackerel</i>	53,7	42,2	11,5
Annað <i>Other</i>	18,5	0,2	18,3
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>	40.034	9.211	30.823
Þorskur <i>Cod</i>	9.824	0	9.824
Ýsa <i>Haddock</i>	1.580	–	1.580
Ufsi <i>Saithe</i>	4.478	–	4.478
Karfi <i>Redfish</i>	6.446	–	6.446
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	318	–	318
Síld <i>Herring</i>	1.599	1.543	56
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	1.005	997	8
Loðna <i>Capelin</i>	1.225	1.225	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	1.276	1.276	0
Makríll <i>Mackerel</i>	5.614	4.165	1.449
Annað <i>Other</i>	6.670	6	6.664

¹ Hér eru taldar veiðar allra frystitogara sem frysta meira en 50%. *Included here are all freezer trawler that freeze more than 50%.*

² Rekstraryfirlit 5 uppsjávarfrystiskipa. *The operating accounts of 5 pelagic freezer trawlers.*

Hagtíðindi **Sjávarútvegur**
Statistical Series ***Fisheries***

103. árg. • 5. tbl.

ISSN 1670-4770

1. mars 2018 [Leiðrétt útgáfa 6. mars 2018 *Emended 6 March 2018*]

Umsjón *Supervision* Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.